

## Umsögn Umhverfisstofnunar vegna tillögu til þingsályktunar um eflingu landvörslu

Umhverfisstofnun tekur heilshugar undir að efla þurfi landvörslu um allt land. Allar spár gera ráð fyrir mikilli fjölgun í gestakomum til landsins og jafnframt er vitað að stærsti hluti gesta er kominn hingað til að njóta íslenskrar náttúru. Samhliða þessari aukningu hefur ferðatímabilið lengst mikið og því bætast við svæði sem þurfa annars vegar landvörð vor og haust til viðbótar við sumarið og önnur sem þurfa heilsársstarfsmenn til að sinna vetrarþjónustu til viðbótar við önnur hefðbundin verkefni landvarða. Á hluta svæða í umsjón Umhverfisstofnunar er boðið upp á þjónustu sem ekki er í boði þegar landverðir fara af svæðunum. Það þýðir að þjónustustigið er oft lægra á jaðartímum, þó gestakomur séu enn margar, þetta á t.d. við um rekstur hreinlætisaðstöðu og upplýsingagjöf sem krefjast daglegrar viðveru.

Til að koma til móts við þessa fjölgun gesta þarf að bæta við innviðum og auka stýringu til að draga úr álagi á náttúruna. Það er mat Umhverfisstofnunar að landverðir séu eitt öflugasta verkfærið sem nýtist við að draga úr álagi af völdum gesta á náttúruna á þeim verndarsvæðum sem þeir starfa á. Landverðir geta með stýringu og fræðslu haft mikil og jákvæð áhrif á ferðahegðun og upplifun gesta og þannig dregið verulega úr álagi sem þeir annars kynnu að valda. Til viðbótar við náttúruvernd má ekki gleyma öryggishlutverki landvarða, en það getur verið margþætt eftir því á hvaða svæði landvörðurinn er og eins árstíma. Glögg dæmi getur til að mynda verið vinna við hálkuvörnir á fjölmönnum áfangastöðum. Á jaðartímabilum getur öryggishlutverk landvarða orðið mikið, enda þá orðið færra um gesti og þjónusta inn á svæðunum minnar, t.d. hálendisvakt farin, en aðstæður orðið varhugaverðar.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að friðlýstum svæðum á landinu hefur fjölgað nokkuð á allra síðustu árum. Hafa þar bæst við fjölsótt svæði eins og t.d. Goðafoss, Kerlingarfjöll og Þjórsárdalur. Fjármagn til landvörslu þarf að fylgja slíkum friðlýsingum til að hægt sé tryggja að verndarmarkmiðum sé náð.